



„Hér búa menn í hálfgerðu rafmagnsleysi“.

**Áratugi tók að leggja veginn út á Stafnes**

Í dag eru um 8 km leið frá Sandgerði og út á Stafnes og þar er oftast rennifæri, en hér áður fyrr var oft ófært þarna á milli, auk þess sem vegurinn kom frekar seint út eftir. Sagði Guðmundur að vegurinn hefði fyrst verið lagður frá Keflavík til Garðs og þaðan til Sandgerðis, en áratugi hefði tekið að koma honum út á Stafnes. Hefði hann m.a. tekið þátt í þeirri vegarlagningu, þegar fóstri hans gaf vinnu við vegarlagningu við Flankastaði. Sagði Guðmundur að mjólkinn hefði verið flutt með hestum inn að Flankastöðum, sem eru hinum megin við Sandgerði. Var þetta gert annan og þriðja hvern dag.

**Í sóknarnefnd í 25 ár**

Guðmundur hefur verið í sóknarnefnd Hvalsneskirkju í 25 ár, þar af var hann formaður í 20 ár og nú gegnir hann starfi meðhjalpara, og því báðum við hann að segja okkur í hverju þetta starf væri fólgið.

„Það er að aðstoða prestinn, hjálpa honum í messu-klæðin, undirbúa messu, kveikja upp í kirkjunni og hafa eftirlit með henni, fyrir utan hreingerningar og svo-leiðis“.

**Fáum ekki hitaveitu, aðeins rándýra oliu**

„Við fáum ekki hitaveitu hérna og erum því dæmdir til að nota rándýra oliu til að hita upp húsin hjá okkur, því við fáum ekki heldur rafmagn. Rafmagnið er eiginlega í því ólagi hérna á Byjaskerjum, að það er einfasa

hérna suður á Stafnes og getum við því aðeins notað það til ljósa og eldunar, en ekki til upphitunar, þó við vildum. Hér hefur ekkert verið gert í þessum málum síðan rafmagnið kom 1958 og þær spennistöðvar sem eru í staurunum anna ekki því sem við vildum.

Sem dæmi má nefna, að tveir bændur hér í Stafneshverfinu sem hafa skepnur, eru með súgþurrkun og þeir geta ekki báðir þurrkað um leið, því þá er ekkert rafmagn. Alls staðar annars staðar á Suðurnesjum er þriggja fasa. Er það alverst hvað menn búa hér við slæmt rafmagn, það má segja að við séum bara hér í rafmagnssveldi, menn geta ekkert bætt við sig vegna þess arna og þetta er alltof lítið.

Það er helmingi dýrara að hita upp með oliu, en ef við hefðum heita vatnið, þó við fáum oliustyrk. Rafveita Miðneshrepps ætti að sjá söma sinn í því að láta okkur hafa 3ja fasa rafmagn, því þeir þurfa hvort sem er að endurnýja alla staura og annan útbúnað hérna.“

Með þessum orðum lauk froðlegu viðtali við Guðmund Guðmundsson á Bala á Stafnesi, en því gefur hann okkur sem yngri erum nokkra innsýn í brauðstrit fyrri tíma. Koma þarna fram atriði sem vert er að taka til umhugsunar, en einnig má hafa það í huga að þó maðurinn sé kominn á níræðisaldur, er hann enn að, þó með öðru móti sé, eins og sjá má, að hann, sonur hans og nágrenni hafa nýlokið við gerð hafnarmannvirkja sem margir trillukarlar yrðu stoltir af, ef þeir hefðu slikt til afnota.

epj.



Hafnarmannvirki þeirra á Stafnesi.



**Bæjarstjórn Keflavíkur**

*sendir Kefluvíkingum og öðrum Suðurnesjabúum hugheilar óskir um gleðileg jól, gott og farsælt nýtt ár.*



**Bæjarstjórn Njarðvíkur**

*sendir Njarðvíkingum og öðrum Suðurnesjamönnum hugheilar jóla- og nýársóskir.*



*Sendum öllum íbúum Gerðahrepps, svo og öðrum Suðurnesjamönnum bestu jóla- og nýársóskir*

**Sveitarstjórn Gerðahrepps**